

## SAMNINGUR

Reykjalundur, endurhæfing (RI) og Háskólinn á Akureyri (HA) gera með sér svofelldan


### SAMSTARFSSAMNING

um vettvangsnám í iðjuþjálfun og klínískt nám í hjúkrunarfræði


1. RI tekur að sér hlutverk kennslustofnunar í vettvangsnámi/klínísku námi fyrir nemendur HA í iðjuþjálfun og hjúkrunarfræði. Námið fer fram á Reykjalundi.
2. Samningsaðilar gera áætlun um umfang þjónustunnar fyrir hvert misseri fyrir sig. Skipulag og umsjón með þjónustunni af hálfu RI hafa yfiriðjuþjálfari og hjúkrunarforstjóri, en af hálfu HA umsjónarkennari vettvangsnáms í iðjuþjálfun og verkefnisstjóri með klínísku námi í hjúkrun auk brautarstjóra viðkomandi brauta.
3. HA greiðir leiðbeinendum á RI fyrir kennsluna. Ekki er gert ráð fyrir greiðslu til iðjuþjálfara eða hjúkrunarfræðinga sem taka að sér einstök verkefni sem tilheyra kennslunni.
4. HA annast undirbúning og kostar fræðslu til leiðbeinenda á RI til að auðvelda þeim að takast á við kennsluhlutverkið.
5. Nánari útfærsla samnings þessa er í höndum yfiriðjuþjálfara og hjúkrunarforstjóra á RI og brautarstjóra í iðjuþjálfun og hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild HA. Um hlutverk, fyrirkomulag og stöðu nemenda er fjallað nánar í fylgiskjöllum með samningi þessum.
6. Samningur þessi gildir frá 20.06.07 til eins árs í senn sé honum ekki sagt upp með tveggja mánaða fyrirvara af hálfu hvors aðila fyrir sig.

Reykjalundi 20.06.07

F.h. Reykjalundar



Hjördís Jónsdóttir, lækningaforstjóri



Birgir Gunnarsson, forstjóri

F.h. Háskólans á Akureyri



Þorsteinn Gunnarsson, rektor

**Háskólinn á Akureyri og Reykjalundur gera með sér eftirfarandi  
samkomulag vegna  
kennslu og rannsókna í endurhæfingu**

Háskólinn á Akureyri (HA) og Reykjalundur endurhæfingarmiðstöð SÍBS (RI) vilja með samkomulagi þessu efla kennslu og rannsóknir í endurhæfingu með því að auka samstarf og gera þessa þætti í starfi stofnananna sýnilegri.

**A. Kennsla og leiðsögn nemenda í heilbrigðisdeild HA**

Reykjalundur tekur þátt í kennslu og leiðsögn nemenda í heilbrigðisdeild HA. Þetta á sérstaklega við leiðsögn nemenda í vettvangsnámi/klínísku námi í þeim heilbrigðisgreinum sem kenndar eru við heilbrigðisdeild, en getur einnig átt við aðra kennslu s.s fyrirlestrahald. Aðilar eru sammála um að Reykjalundur komi að kennslu og leiðsögn eins margra af nemendum HA og framast er kostur hverju sinni. Um framkvæmd og nánari útfærslu er fjallað í sérstökum samningi.

**B. Rannsóknir í endurhæfingu**

Háskólinn á Akureyri og Reykjalundur endurhæfing eru sammála um að efla framgang endurhæfingar í landinu með því að auka rannsóknir er tengist endurhæfingarfræðum og endurhæfingarstarfi. Eftir því sem við á leitast þessir aðilar við að vinna saman að rannsóknarverkefnum þar sem þeir samnýta faglega styrkleika og aðstöðu beggja stofnanna. Um viðameiri rannsóknarverkefni sem eru sameiginleg skal alla jafna gera sérstaka samninga sem eru undirritaðir af viðkomandi aðilum.

Reykjalundi 20.06.07

F.h. Reykjalundar

  
Hjördís Jónsdóttir, lækningaforstjóri

  
Birgir Gunnarsson, forstjóri

F.h. Háskólans á Akureyri

  
Þorsteinn Gunnarsson, rektor

## Skilgreiningar og hlutverk

Vettvangsnám í iðjuþjálfun er skipulagður hluti af námi í iðjuþjálfun við HA sem fer fram meðal skjólstæðinga iðjuþjálfra og undir leiðsögn starfandi iðjuþjálfra. Vettvangsnámið deilist á fjögur tímabil þar sem hvert tímabil er skilgreint sem sjálfstætt námskeið.

Umsjónarkennari vettvangsnáms í iðjuþjálfun er fastráðinn kennari við HA og hefur yfirumsjón með öllu vettvangsnámi á iðjuþjálfunarbraut.

Kennari í vettvangsnámi er iðjuþjálfari sem er kennari við iðjuþjálfunarbraut HA og hefur að öllu jöfnu fengið hæfðóm til kennslu í háskóla.

Leiðbeinandi í vettvangsnámi er iðjuþjálfari sem er starfsmaður á Rl. Leiðbeinandi skal hafa BSc próf í iðjuþjálfun eða sambærilegt nám frá viðurkenndri menntastofnun fyrir iðjuþjálfra og starfsleyfi frá Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Æskilegt er að hann hafi minnst tveggja ára starfsreynslu sem iðjuþjálfari og hafi sótt námskeið fyrir leiðbeinendur í vettvangsnámi.

Klínískt nám í hjúkrunarfræði er nám sem á sér stað meðal skjólstæðinga hjúkrunar undir leiðsögn starfandi hjúkrunarfræðings og er skipulagður hluti af tilteknu námskeiði í hjúkrunarfræði við HA.

Verkefnastjóri klíníks náms í hjúkrunarfræði er hjúkrunarfræðingur sem er starfsmaður HA og hefur yfirumsjón með klínísku námi í hjúkrunarfræði.

Umsjónarkennari er fastráðinn starfsmaður HA sem hefur yfirumsjón með ákveðnu námskeiði þar sem klínískt nám er hluti af námskeiðinu og hefur að öllu jöfnu fengið hæfðóm til kennslu í háskóla.

Klínískur kennari er starfsmaður HA sem hefur yfirumsjón með ákveðnum nemendum í klínísku námi og vinnur í náinni samvinnu við umsjónarkennara námskeiðs. Umsjónarkennari getur sjálfur tekið að sér hlutverk klíníks kennara.

Klínískur leiðbeinandi er hjúkrunarfræðingur sem er starfsmaður á Rl. Hann ber ábyrgð á móttöku nemenda og skipulagningu á veru þeirra á deild meðan á klínísku námi stendur. Til klínískra leiðbeinenda eru alla jafna gerðar þær kröfur að þeir hafi BSc próf í hjúkrunarfræði og starfsleyfi frá Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Einnig að þeir hafi minnst tveggja ára reynslu í hjúkrun á viðkomandi sviði. Æskilegt er að þeir hafi sótt námskeið fyrir klíníska leiðbeinendur.

## Vettvangsnám í iðjuþjálfun – verklag og ábyrgð

Útfærsla þessi byggist á samkomulagi Háskólans á Akureyri og Reykjalundar um kennslu og rannsóknir í endurhæfingu og samstarfssamningi sömu aðila um vettvangsnám í iðjuþjálfun.

Á vegum RI er yfiriðjuþjálfari samhæfingar- og samstarfsaðili vettvangsnáms í iðjuþjálfun, en á vegum HA umsjónakennari vettvangsnáms. Þeir bera hvor um sig ábyrgð á samskiptum og upplýsingagjöf til framkvæmdastjórnar RI og brautarstjóra í iðjuþjálfun og deildarforseta heilbrigðisdeildar við HA. Þeir sjá um kynningu fyrir nemendum sem koma til náms á RI og veita nemendum, leiðbeinendum og kennurum í vettvangsnámi ráðgjöf og stuðning eftir því sem við á.


Um miðbik hvers skólamiðis leitar umsjónarkennari vettvangsnáms í iðjuþjálfun við HA til yfiriðjuþjálfara RI um aðgang að vettvangsnámi á næsta misseri á eftir. Yfiriðjuþjálfari tilgreinir þann fjölda nemenda sem hann telur fært að taka á móti og gerir tillögur að leiðbeinendum

Umsjónarkennari vettvangsnáms ber ábyrgð á námslýsingu og almennum námsmarkmiðum og viðfangsefnum fyrir hvert vettvangstímabil. Hann er einnig ábyrgur fyrir að upplýsa alla þá aðila er að vettvangsnámi koma (nemendur, leiðbeinendur og kennara) um hlutverk þeirra og skyldur. Meginhlutverk kennara í vettvangsnámi er að veita leiðsögn um hvernig nemendur geta tengt fræði og starf á vettvangi. Kennari tekur þátt í gerð námsáætlunar og frammistöðumati og veitir bæði nemanda og leiðbeinanda ráðgjöf og stuðning meðan á vettvangsnámi stendur. Leiðbeinandi í vettvangsnámi hefur yfirumsjón með dvöl nemanda á námsstað og ber meginábyrgð á þeirri faglegu leiðsögn sem nemandinn fær. Hver leiðbeinandi er alla jafna ábyrgur fyrir aðeins einum nemanda innan sama vettvangstímabils. Leiðbeinandi gerir námsáætlun með nemanda, hefur við hann regluleg tengsl, veitir honum leiðsögn og ráðleggingar og metur frammistöðu hans. Leiðbeinandi getur falið öðrum starfsmönnum einstök verkefni sem tilheyra leiðsögn nemandans.

Staðfest f.h. Reykjalundar:

  
Lilja Ingvarsson, yfiriðjuþjálfari

Staðfest f.h. Háskólans á Akureyri:

  
Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir, umsjónarkennari vettv. náms

**Klínískt nám í hjúkrunarfræði – verklag og ábyrgð**


Útfærsla þessi byggist á samkomulagi Háskólans á Akureyri og Reykjalundar um kennslu og rannsóknir í endurhæfingu og samstarfssamningi sömu aðila um klínískt nám í hjúkrunarfræði.

Á vegum RI er hjúkrunarforstjóri samhæfingar- og samstarfsaðili klínísks náms í hjúkrunarfræði, en á vegum HA verkefnisstjóri í klínísku námi. Þeir bera hvor um sig ábyrgð á samskiptum og upplýsingagjöf til framkvæmdastjómur RI og brautarstjóra í hjúkrunarfræði og deildarforseta heilbrigðisdeildar við HA. Þeir sjá um kynningu fyrir nemendum sem koma til náms á RI og veita nemendum og leiðbeinendum og kennurum ráðgjöf og stuðning eftir því sem við á.


Í upphafi hverrar vorannar veitir verkefnastjóri í klínísku námi við HA hjúkrunarforstjóra RI upplýsingar um tímasetningar klínískra tímabila næsta skólaárs og um leið og þær upplýsingar eru fyrir hendi, um þörf á nemaplássum. Hjúkrunarforstjóri RI útvegar pláss á viðeigandi sviðum og lætur í té nöfn og netföng hjúkrunarstjóra og klínískra leiðbeinenda. Verkefnastjóri klínísks náms sendir öll gögn er tengjast viðkomandi tímabili til hjúkrunarstjóra og klínískra leiðbeinenda minnst tveim vikum áður en klínískt tímabil hefst.

Klínískur kennari, í samráði við umsjónarkennara námskeiðs, setur nemendum námsmarkmið og ber ábyrgð á kennslu og námsmati. Skipulag og samhæfing námsdvalar (námsstækifæri og vaktir) er sameiginlega í höndum klínísks kennara og klínísks leiðbeinanda. Klínískur leiðbeinandi ber ábyrgð á að námstíminn nýtist nemendum sem best og sér til þess að nemendur hafi á hverri vakt ábyrgan hjúkrunarfræðing sem þeir geta leitað til. Hann tekur þátt í klínískri kennslu og leiðbeinir nemendum við úrlausn viðfangsefna í samræmi við námslýsingu auk þess að veita nemendum ráðgjöf og stuðning og hafa við þá regluleg tengsl. Einnig tekur hann þátt í undirbúningi og mati á miðju námstímabili, ef við á, og lokamati. Eftir því sem kostur er taka klínískir leiðbeinendur þátt í upplýsingafundum og námskeiðum ætluðum þeim og miðla kunnáttu sinni áfram til samstarfsfólks. Þeir geta falið öðrum hjúkrunarfræðingum á deild einstök verkefni sem tilheyra kennslunni í samráði við hjúkrunarstjóra.

Staðfest f.h. Reykjalundar:

  
Lára M. Sigurðardóttir, hjúkrunarforstjóri

Staðfest f.h. Háskólans á Akureyri:

  
Guðfinna Hallgrímsdóttir, verkefnisstjóri klínísks náms

**Staða nemenda**

Við upphaf náms á Rl skal kynna fyrir hverjum nemanda hvaða reglur gilda um þátttöku hans í náminu. Þetta er gert, eftir því sem við á, af yfiriðjuþjálfra og hjúkrunarforstjóra Rl og umsjónarkennara vettvangsnáms og verkefnisstjóra klíníks náms.

Nemendur heilbrigðisdeildar HA sem stunda nám á Rl samkvæmt samningi þessum hafa stöðu sem er sambærileg við stöðu starfsmanna Rl samkvæmt eftirfarandi atriðum:

1. Nemendur undirrita þagnareið með sama hætti og þeir sem ráðnir eru til starfa við Rl
2. Við störf sín tengd námi njóta nemendur HA sömu tryggingaverndar og starfsmenn Rl, enda vinna þeir á ábyrgð starfsmanna Rl sem leiðbeina þeim hverju sinni.
3. Nemendur hafa aðgang að mötuneyti Rl og fá afnot af vinnufatnaði og læsanlegum fataskápum ef við á.
4. Nemendur fá aðgang að bókasafni og upplýsingaþjónustu Rl meðan á námi stendur.
5. Nemendur skulu bera auðkenniskort sem sýni greinilega að þeir eru nemendur við HA, ásamt nemakorti Reykjalundar, þar sem fram kemur nafn nemanda og leiðbeinanda hans.